



Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir

# Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi

## Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi

► Um höfunda ► Efnisorð

Í þessari grein er varpað ljósi á ákveðið misræmi sem myndast hefur milli opinberrar stefnu í kennslu ensku og breyttrar stöðu ensku í íslensku málumhverfi. Rýnt er í nýlegar rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi, á viðhorfum íslenskra nemenda til gagnsemi enskunáms í framhaldsskóla og viðhorfum nemenda í Háskóla Íslands til eigin færni til að takast á við námsefni á ensku (Anna Jeeves, 2010; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010). Þær rannsóknir gefa vísbendingu um að um þriðjungur nemenda eigi í erfiðleikum með að skilja námsbækur á ensku í háskólanámi en um 90% námsefnis á háskólastigi er á ensku.

Í þessari rannsókn er reynt að varpa frekara ljósi á þann undirbúning sem nemendur fá í framhaldsskólum. Í þeim tilgangi eru skoðaðar áherslur og inntak áfanga í ensku í tveimur aðalnámskrám og fjórum nýlegum skólanámskrám, einkum með tilliti til áherslu á akademíska ensku. Í ljós kemur að hvorki í aðalnámskrá frá 1999 né 2011 er lögð sérstök áhersla á að undirbúa nemendur fyrir lestur námsefnis í háskólanámi. Í nýjum skólanámskrám eru hins vegar áfangar þar sem lögð er áhersla á markvissan undirbúning af þessu tagi.

Höfundar telja að meiri áhersla þurfi að vera á akademíska ensku í framhaldsskólum og að slík enska eigi jafnvel heima á fjórða hæfniprepi en ekki því þriðja sem er hæsta hæfniprep fyrir erlend tungumál samkvæmt núgildandi námskrá. Þá er bent á að gera þurfi skýrari greinarmun á færni til að lesa fræðigreinar og bókmenntatexta og að mikil áhersla á efri stigum á bókmenntir geti verið á kostnað annars konar textategunda (e. *genre*). Einnig er sett fram sú spurning hvort ekki þurfi að setja ákveðnari og skýrari viðmið en nú er um færni í ensku til að hefja háskólanám á Íslandi og erlendis. Lesþjálfun nemenda á framhaldsskólastigi þyrfti því að vera markvissari til að undirbúa þá til að takast á við ýmsar gerðir texta sem líklegt er að þeir þurfi að glíma við í námi og starfi.

## Preparing Secondary School Students for using English at University: Curriculum Guidelines and a New Icelandic Linguistic Context

### ► About the authors ► Key words

Findings of recent studies on the status of English suggest that a new linguistic environment is emerging in Iceland. The studies uncovered a discrepancy between the official status of English which is defined as a foreign language and the reality of the immense, daily English exposure and English use in Iceland. The vast majority of Icelanders hear, read and write conversational English daily which seems to lead to proficiency in informal rather than formal registers. This seems to lead to an overestimation of English skills as speakers are not aware of the difference in their capacity to receive and comprehend informal contextualized English, and to what extent they are able to produce English while speaking and writing, especially using more formal registers. This is apparent in recent studies that show that over a third of university students struggle with academic textbooks at the University of Iceland which are almost entirely written in English and the increased workload working with a second language entails (Birna Arnbjörnsdóttir and Hafdís Ingvarsdóttir, 2010). Many students claim that the English they learned in secondary school added little to the English they learned outside of school (Anna Jeeves, 2013).

This paper will focus on the aspects of these studies that pertain to teaching and learning English at the secondary level, particularly with regard to preparation for English for use at university. The paper describes a follow-up study focusing on to what extent current national and school curriculum guidelines are in line with the needs of Icelandic students and their identified use of English in a new linguistic context in Iceland. Some inconsistencies were identified. The first part of the study examined the *National Curriculum Guidelines for English in Secondary Schools* that took effect in 1999 and 2011. There is little reference in these *Guidelines* as to how courses should prepare students for university studies in English. Upper level courses seem heavily focused on reading and interpretation of literary texts. The *National Curriculum Guidelines* from 2011 are based on proficiency scales and learning outcomes rather than descriptions of individual courses, the content of which are left to schools. This Curriculum is very general and open to interpretation, especially the highest, third level.

As convention has it, there seems to be an overemphasis on literary genres at the upper levels. An examination of four school curricula based on the general *Guidelines* from 2011 does little to dispell this notion. One of the schools was chosen especially as it served as a curriculum development site for the secondary system in accordance with the 2011 *Guidelines*. The four schools offer courses with the stated aim of preparing students for academic studies, but yet again there is an overrepresentation of literature at the expense of other genres. The authors express concern that university students are not getting enough preparation in formal academic English and call for further studies of whether students lack of familiarity with academic genres are exclusive to English or whether they are symptomatic of a larger issue namely that students are not adequately prepared to tackle academic genres in any language.

The overall implications are that the preparation of students may need to be refocused to include familiarity with the variety of genres, in English and Icelandic that they will encounter in their tertiary education and the workforce. This reexamination may be appropriate as secondary education is being reduced to three years. The authors also call for a reexamination of teacher development and more support for working teachers to refocus their syllabi to better meet the needs of the growing number of students who go on to tertiary education.

## Inngangur

Tilgangurinn með þessari grein er tvíþættur, annars vegar að rýna í niðurstöður rannsóknna sem gerðar hafa verið undanfarin ár á stöðu ensku á öllum skólastigum og í atvinnulífinu á Íslandi og lýsa nýju íslensku málumhverfi, og hins vegar að skýra frá greiningu á því að hve miklu leyti áherslur í námskrám í erlendum tungumálum samræmast niðurstöðunum og hvaða máli þær skipta fyrir enskukennslu á framhaldsskólastigi.

Rannsóknin *Enska á Íslandi* er hin fyrsta sinnar tegundar þar sem hún nær yfir nánast allt íslenskt samfélag og gefur góða mynd af stöðu ensku á Íslandi og áhrifum á enskunám á öllum skólastigum. Rannsóknarverkefnið tekur meðal annars til eftirtalinna þátta: Viðhorfa svarenda til enskuáreita, enskufærni og viðhorfa nemenda til ensku á grunnskólastigi, viðhorfa nemenda og annarra til enskukennslu á framhaldsskólastigi, viðhorfa til hæfni háskólanema til að tileinka sér lesefni á ensku og notkunar ensku í námi og starfi. Gagna var aflað með eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum. Fjöldi greina sem byggjast á rannsóknarverkefninu hefur birst bæði á Íslandi og erlendis (Anna Jeeves, 2013; Ásrún Jóhannsdóttir, 2010; Birna Arnbjörnsdóttir, 2011; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010, 2012).

Niðurstöður rannsóknarinnar í heild sýna að enska er mjög ríkjandi í daglegu lífi á Íslandi. Íslendingar hlusta, horfa á og lesa efni á ensku í auknum mæli en þeir nota ensku til að tjá sig í ræðu og riti. Þeir telja sig sterkari í þáttum sem lúta að skilningi (e. *receptive skills*) heldur en þáttum sem lúta að notkun (e. *productive skills*). Almennt virðast Íslendingar þó ofmeta færni sína í ensku (Birna Arnbjörnsdóttir, 2011).

Á flestum sviðum þjóðlífsins er krafist góðrar færni í ensku og við Háskóla Íslands eru yfir 90% námsbóka á ensku. Rannsóknin varpar einnig nýju ljósi á stöðu ensku á Íslandi og niðurstöður benda til þess „að nýtt málumhverfi sé í mótun. Þetta nýja málumhverfi mun óhjákvæmilega hafa áhrif á þróun íslenskunnar, sjálfsmynd okkar, stefnu í enskukennslu og menntun enskukennara“ (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012, bls. 15–17).

Þessar nýju aðstæður kalla á endurskoðun á menntastefnu og enskukennslu í ljósi þess hversu mikla ensku og hvers konar ensku nemendur heyra í umhverfinu en einnig hversu mikla ensku og hvers konar ensku nemendur þurfa að nota þegar framhaldsskóla sleppir, hvort sem þeir fara í háskólanám eða halda út í atvinnulífið eins og fram kemur í rannsókn Önnu Jeeves (2013). Rannsóknarniðurstöðurnar kalla einnig á endurskoðun á hefðbundnum skilgreiningum á móðurmáli, öðru máli og erlendu máli ásamt endurskoðun á mál- og menntastefnu sem og á áherslum í kennslu. Fyrirnefndir höfundar telja að enska hafi ekki lengur stöðu sem erlent mál á Íslandi líkt og til dæmis danska, franska, spænska eða þýska. Staðan er svipuð hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2014).

Á sama tíma og enskunotkun og kröfur um enskufærni hafa aukist er sá hópur sem sækir háskólanám fjölbreyttari en áður var. Á síðustu árum og áratugum hefur þar að auki orðið gríðarleg breyting á skólakerfinu. Árið 1975 voru 8.370 nemendur í framhaldsskólum en voru orðnir 24.469 árið 2006. Mikil breyting hefur einnig orðið á háskólastiginu. Háskólum, háskólagreinum og nemendum hefur fjölgað. Því er spáð að 74% nemenda framhaldsskólans muni sækja í háskólanám (Anna Jeeves, 2013, bls. 39). Nemendahópurinn er mun fjölbreyttari en á árum áður og nemendur því mis vel undirbúnir til að takast á við nám á háskólastigi. Samræmi í undirbúningi undir háskólanám hefur minnkað, skólar hafa núna meira frelsi en áður til að semja eigin námsbrautarlýsingar og áfangalýsingar og engin samræmd próf eru haldin.

Í þessari grein verður sjónum fyrst beint að þeim þáttum í fyrrgreindum rannsóknum sem lúta að enskunámi á framhaldsskólastigi, einkum með tilliti til undirbúnings fyrir háskólanám á Íslandi. Í framhaldi af því verður lýst rannsókn sem fólst í greiningu á áherslum í enskukennslu eins og þær koma fyrir í námskrám fyrir framhaldsskóla, bæði aðalnámskrám og skólanámskrám, og hvaða áhersla er lögð á undirbúning nemenda til að takast á við lesefni á ensku í háskólanámi.

## Enska sem alheimsmál (e. *English as a World Language*)

Ekki er úr vegi áður en lengra er haldið að skýra hugtakanotkun. Á ensku eru mismunandi heiti notuð um ensku sem alheimsmál. Þau eru *English as a World Language*, *English as an International Language* og *English as a Global Language*. Öll eiga þessi hugtök við um útbreiðslu ensku sem samskiptamáls. Hugtakið *English as a Lingua Franca* er líka notað, oftast af þeim sem vilja rannsaka fyrirbærið ensku sem samskiptamál á málvísindalegum forsendum fremur en pólitískum eða menningarlegum (Seidlhofer, 2011).

Flestum má ljóst vera að staða ensku hér á landi, sem og annars staðar í heiminum, hefur breyst mjög mikið á undanförunum árum. Mest af afþreyingarefni, skemmtiefni og fræðsluefni í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og á Internetinu er á ensku. Á alþjóðavettvangi stjórnmála, hagfræði, fréttamiðlunar, auglýsinga, kvikmynda, popptónlistar, ferðalaga og öryggismála, samskiptakerfa og menntunar er enska orðin samskiptamál í auknum mæli, ekki aðeins meðal þeirra sem eiga ensku að móðurmáli, heldur einnig meðal þeirra sem eiga ensku ekki að móðurmáli (Crystal, 1999, bls. 1). Eins og Crystal segir:

English is the medium of a great deal of the world's knowledge, especially in such areas as science and technology, and access to knowledge is the business of education. When we investigate why so many nations have in recent years made English an official language or chosen it as their chief foreign language in schools, one of the most important reasons is always education. (Crystal, 2012, bls. 162).

Geta Íslendingar annað en verið með? Þessi þróun hefur hægt og bitandi haft áhrif hér á landi sem annars staðar.

Kenningar um ensku sem alheimsmál (e. *English as a World Language*) má rekja til níunda áratugar síðustu aldar. Kachru (1985) setti fram eftirfarandi flokkun á nýrri stöðu ensku í heiminum:

- Innri hringur (e. *Inner Circle*) tekur til málafríðga sem notuð eru í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar.
- Ytri hringur (e. *Outer Circle*) tekur til málafríðga sem notuð eru í fyrrum nýlendum, aðallega breskum, í Asíu og Afríku.
- Víkkandi hringur (e. *Expanding Circle*) nær yfir ensku þeirra sem ekki hafa hana að móðurmáli en nota hana að staðaldri, meðal annars á alþjóðlegum vettvangi og í samskiptum við aðra sem hafa ensku ekki heldur að móðurmáli. Í víkkandi hring hefur enska alls staðar stöðu sem erlent tungumál.

Ísland er örugglega í víkkandi hring enskunotenda (Hafðís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2013). Fræðimenn telja að nauðsynlegt sé að viðurkenna í ríkari mæli afbrigði af ensku sem tilheyra ytri og víkkandi hring. Þar er fjöldi notenda ört vaxandi og þeir reyndar orðnir fleiri sem nota ensku reglulega í lífi og starfi en þeir sem eiga ensku að móðurmáli (Crystal, 2003).

Frá kennslufræðilegu sjónarmiði er varla raunhæft að ætla að til verði nýtt afbrigði af ensku eða enska sem samskiptamál (e. *English as a Lingua Franca*) með eigin framburð,

rithátt og málvenjur sem geti komið í staðinn fyrir þau málafríðni sem eru viðurkennd, til dæmis í Bretlandi (e. *British Standard English*) og Bandaríkjunum (e. *Standard American English*), og venja hefur verið að hafa sem viðmið í enskukennslu. Enda hefur enginn fræðimaður haldið slíku fram. Þó er víst að ef notkun ensku sem samskiptamáls með áhrifum frá þeim tungumálum og menningu sem hún kemst í návígi við breiðist út á kostnað staðlaðra breskra eða bandarískra málafríðna hljóta að fylgja í kjölfarið áherslu-breytingar í enskukennslu, ekki eingöngu í kennslu framburðar eða orðaforða heldur verður að endurskoða vægi breskrar og bandarískrar menningar og bókmennta í kennslu ef enska er aðallega lærd og notuð sem samskiptamál. Spyrja má hvers vegna þetta skipti máli. Til að svara því má sem dæmi nefna að útgáfa og sala kennsluefnis og enskukennsla um heim allan velta gífurlegum fjármunum. Mest af kennsluefni er gefið út í innri hring og menningar- og stjórnmálaleg áhrif sem slík útgáfa hefur haft í för með sér eru mikil (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007).

Mikill þrýstingur er á háskóla utan hinna engilsaxnesku málsvæða að auka framboð og nám á ensku og efla alþjóðlegar rannsóknir og útgáfu á ensku (Hafís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2013). Sama á við á Íslandi þar sem nánast allt námsefni á háskólastigi er skrifað á ensku og ætlað nemendum sem fengið hafa allan sinn akademíska undirbúning á ensku. Slíkt á ekki við um íslenska námsmenn og er því forvitnilegt að sjá hvernig þeim dugar sú enska sem þeir tileinka sér í og utan framhaldsskólans þegar þeir takast á við akademíska texta á háskólastigi. Um þetta verður fjallað í næsta undirkafla.

## Akademísk enska

Til að geta lesið námsefni á ensku í háskólanámi þarf að kunna það sem kallað er akademísk enska. Til þess dugar ekki að kunna aðeins almennt talmál eða óformlegt mál-snið. Færni í daglegu talmáli öðlast menn með því að horfa á sjónvarp og kvikmyndir, vera á netinu og leika tölvuleiki. Oft er þetta efni stutt af myndefni sem auðveldar skilning. Því má bæta við að kennsla á efri stigum ensku í framhaldsskólum er afar bókmenntamiðuð og áhersla því mikil á slíka texta oftast á kostnað annars konar texta. Akademísk enska, töluð og rituð, er notuð við formlegar aðstæður, oft þar sem texti er undirbúinn fyrirfram. Akademísk enska er notuð í fræðiritum en er ekki eins áberandi í bókmennta-textum. Nemendur þurfa að þekkja slíka textagerð (e. *genre*) og þekkja akademíska orðræðu (e. *discourse*) til að ráða vel við lestur á enskum fræðitextum í háskólanámi. Einkenni fræðilegra texta eru að ákveðin fjarlægð er milli þess sem skrifar textann og þess sem les. Setningar eru flóknar, margar aukasetningar, orðaforði formlegur og oft sérhæfður, og einnig eru algeng orð oft notuð á nýjan hátt þannig að erfitt er að átta sig á nýrri merkingu. Algengar tegundir texta á háskólastigi eru: endursagnir (e. *recounts*), leiðbeiningar (e. *procedures*), frásagnir (e. *narratives*), skýrslur (e. *reports*), skýringar (e. *expository*) og ekki síst greinargerðir sem fylgja ákveðinni tilgátu (e. *thesis driven essay*) (Hyland, 2006). Þar sem orðaforði, hugtakanotkun og textaupbygging eru að auki mismunandi eftir fræðigreinum þarf lesandi að hafa þekkingu á viðfangsefninu og ráða yfir góðri lestrartækni til að geta tileinkað sér innihald texta (Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz, 2013).

Scarcella (2003) heldur því fram að hvorki hafi verið nægur skilningur á að kenna þurfi akademíska/fræðilega ensku sérstaklega í skólum né þeirri staðreynd að nemendur ráði ekki almennilega við nám án þess að kunna fræðilegt mál. Því má bæta við að Scarcella miðar við bandarískt samfélag og segir: "Learning academic English is probably one of the surest, most reliable ways of attaining socioeconomic success in the United States today. Learners cannot function in school settings effectively without it." (Scarcella, 2003, bls. 1). Sama má segja um íslenska nemendur sem margir hverjir virðast ekki skilja nægilega vel þá ensku sem þarf til að stunda háskólanám. Meira er fjallað um þetta í næsta kafla.

## Viðhorf nemenda til enskunáms og notkunar

Frá árinu 2009 hafa verið í gangi rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi. Niðurstöðurnar gefa meðal annars góða mynd af því hvernig sú enska sem íslensk ungmenni læra í og utan skóla nýtist þeim í háskólanámi og starfi. Hér verður aðallega fjallað um þá hluta rannsókna sem lúta að notkun ensku í háskólanámi (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010) og síðar verður lýst niðurstöðum af viðtölum við íslensk ungmenni um reynslu þeirra af enskunámi í framhaldsskóla (Anna Jeeves, 2013).

## Hvernig gengur nemendum að tileinka sér efni á ensku í háskólanámi?

Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (2010) rannsökuðu viðhorf nemenda við Háskóla Íslands til enskufærni sinnar, sérstaklega til lestrar kennslubóka en fyrri rannsóknir sýndu að 90% námsbóka á háskólastigi á Íslandi eru skrifaðar á ensku (Birna Arnbjörnsdóttir, 2009). Niðurstöður rannsókna Birnu og Hafdísar (2010) eru byggðar á svörum 1.028 stúdenta við Háskóla Íslands við spurningum sem snerust um eftirfarandi þemu:

1. Hversu vel undirbúna nemendur töldu sig vera til þess að læra námsefni á ensku?
2. Hvaða áhrif það hefði á námið að námsefnið væri á ensku?
3. Hvaða námsaðferðir þeir notuðu til að tileinka sér námsefnið?

(Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010, bls. 1)

Fyrst voru nemendur beðnir að meta færni sína í að skilja talmál og lestexta. Meiri hluti svarenda, eða 65%, taldi færni sína mjög góða eða góða. Aðeins 13% svöruðu að færni þeirra væri léleg eða mjög léleg. Svarendur voru heldur varfærnari í mati sínu á eigin ritfærni en þar töldu 51% sig góða eða mjög góða og 25% töldu sig lélega eða mjög lélega. Svipaðar niðurstöður komu í ljós við spurningunni um hversu vel nemendur töldu sig undirbúna til að lesa námsefni á ensku. 76% sögðust vel undirbúnir en 24% síður.

Nemendur voru þá spurðir sérstaklega hvaða áhrif það hefði á námið að mikið af námsefninu er á ensku. Þeir sem telja það hafa kosti í för með sér eru 24% en þeir sem töldu það valda vandræðum og auka vinnuálag eru 59%. Aðeins 16% telja það engu máli skipta. Ef svo er tekið saman eftir mismunandi sviðum hversu margir telja það valda vandræðum og auka vinnuálag að hafa lesefni á ensku er útkoman sú að 69% á Menntavísindasviði en 45% á Verkfræði- og raunvísindasviði telja það vandkvæðum bundið að lesa bækur á ensku.

Þessi svör eru ekki í samræmi við hversu vel nemendur töldu sig undirbúna til að takast á við námsefni á ensku. Í svörum kemur fram að 83% nemenda telja það valda einhverjum vandræðum að þurfa að vinna með hugtök á ensku þegar textar eru á ensku og fyrirlestrar á íslensku en 17% segja það engum vandræðum valda.

Til að átta sig á í hverju aukið vinnuálag felst voru nemendur spurðir að því hvaða námsaðferðum þeir beita við lesefnið. Til að skilja námsefni á ensku sögðust tveir þriðju nota ensk/enska orðabók, næstum 60% nota ensk-íslenska orðabók og þriðjungur skrifar útdrátt á íslensku. Höfundar segja það áhyggjuefni að 41% nemenda notar þýðingarvél Google.

Öll þessi vinna með tungumálið, ofan á ný hugtök og framandi texta sem fylgja nýju námsefni hlýtur að hafa truflandi áhrif á eðlilegan leshraða og þar með skilning. Nokkur munur er eftir fræðasviðum á því hvernig nemendur svara spurningum um hvaða áhrif enska hefur á námið. Ekki er ólíklegt að eðli texta á mismunandi fræðasviðum hafi áhrif á hversu auðvelt eða erfitt er að skilja þá.

Við nánari skoðun kemur í ljós að þriðjungur nemenda er í vandræðum með að skilja les-efnið. Nemendur nota margvíslegar aðferðir við að vinna með og skilja texta og ekki algilt að nemendur lesi alla texta, sama á hvaða máli sem þeir eru skrifaðir. Úr viðtölum við nemendur sem fylgdu í kjölfar könnunarinnar má lesa að þeir veigri sér við að lesa námsbækur á ensku því það sé of erfitt og taki of mikinn tíma. Sú spurning vaknar hvort nemendur treysti of mikið á fyrirlestra og glósur í stað þess að lesa námsefnið eins og komið hefur fram í rannsóknum erlendis (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2014).

Ljóst er af niðurstöðum að stór hluti nemenda í Háskóla Íslands á erfitt með að lesa námsefni á ensku sér til gagns vegna þess að skilning skortir. En hér virðist vera um að ræða svipaðar aðstæður og Scarcella lýsir hér að framan. Nemendur skilja daglegt mál en átta sig ekki á því að þeir kunna annars konar málsnið en það sem notað er í ritun fræðilegra texta.

Höfundar benda á að nauðsynlegt sé að undirbúa nemendur í framhaldsskólum á annan hátt en tíðkast hefur með meiri áherslu á akademískt mál og orðaforða og að námskrár þyrftu að vera meira afgerandi en nú er varðandi vinnu með akademíska texta og akademískt mál. Áður en vikið verður að hlutverki námskráa í tungumálakennslu í framhaldsskólum verður í næsta kafla litið til viðhorfa nemendanna sjálfra til enskunámsins í framhaldsskólum.

## Enskukennsla í framhaldsskólum: Sjónarmið nemenda

Í ljósi þess að um þriðjungur háskólanema telur sig eiga í vandræðum með að nota enska texta er forvitnilegt að skoða viðhorf nemenda til undirbúnings í ensku á framhaldsskólastigi.

Anna Jeeves (2013) kannaði viðhorf ungmenna til gildis enskunáms í framhaldsskóla. Hún tók viðtöl við 36 ungmenni, þar af voru 16 enn í framhaldsskóla, 10 í háskóla og 10 í atvinnulífínu. Leitað var svara við spurningum um það meðal annars hvaða hagnýt og persónuleg gildi enskunám í framhaldsskóla hefðu fyrir þau þegar þau voru í framhaldsskóla og einnig að námi loknu og hvaða tengsl þau sæju milli þess sem þau lærðu í ensku í framhaldsskóla og þess sem þau nota eftir að skólagöngu lauk. Hér verður gerð grein fyrir því helsta sem fram kemur í rannsókn Önnu hjá nemendum í framhaldsskólanámi og í háskólanámi um reynslu þeirra af enskunámi í framhaldsskóla.

Báðir hóparnir höfðu tekið að meðaltali fimm áfanga í ensku. Nemendur úr báðum hópum sögðu sér almennt hafa liðið vel í enskutímum og fleiri voru jákvæðir gagnvart greininni en neikvæðir. Margir nefna að þeir hafi ekki haft mikið fyrir enskunáminu í framhaldsskóla en fengið þokkalegar einkunnir. Flestir töldu að þeir hefðu bætt færni (e. *skills*) sína í ensku í gegnum nám í framhaldsskóla.

Sumir viðmælenda Önnu meta mikils tækifæri til að lesa þekkt klassísk bókmenntaverk, horfa á kvikmyndir sem byggðust á bókunum og hafa fengið tækifæri til að ræða þær og skrifa um þær. Neikvæðari raddir sögðu að sum bókmenntaverk hefðu verið mjög leiðinleg og einnig sum málfræði- og þýðingarverkefni. Fram kom að nemendur væru öruggir með þá þekkingu og færni sem þeir hefðu öðlast í ensku í framhaldsskóla. Þeir höfðu ávinning af því að hafa þurft að vera með munnlegar kynningar, væru öruggir í að tala og gætu lesið og skrifað um nánast hvað sem er en nefndu hversu erfitt væri að ná tökum á talmálinu. Þá kemur fram í viðtölum Önnu að ritgerðasmíð um skáldsögur hafi gefið sumum mikið. Nemendur gera sér grein fyrir að ritun er sá þáttur sem erfiðast er að læra án þess að fá tilsögn og endurgjöf. Margir telja orðaforða eitt það gagnlegasta sem þeir hafi lært í ensku, sérstaklega orðaforða sem tengist hugsanlegum framtíðarstörfum. Nemendur segjast einnig hafa öðlast aukna færni á ýmsum öðrum sviðum í gegnum alls kyns

verkefni í enskunámi, eins og að læra að koma fram fyrir hóp, vinna með öðrum, auka ályktunarhæfni sína, og átta sig á styrkleikum sínum og veikleikum.

Sumir viðmælenda sögðust alltaf hafa verið góðir í ensku og að þeir sæju ekki þörf fyrir að taka framförum. Enska tengist mjög sterklega áhugamálum utan skóla og flestir töldu sig hafa lært mest í ensku í gegnum sjónvarp, kvikmyndir og tölvuleiki, og þátttöku í íþróttum. Einnig eru nefnd samskipti við vini og ættingja erlendis í gegnum samskiptasíður og tölvur, í sumarvinnu, í hlutastarfi og á ferðalögum erlendis. Framtíðarnotkun ensku tengist í hugum margra upplýsingaöflun, samskiptum og skemmtun gegnum tölvur og marga dreymir um dvöl erlendis og ferðalög um heiminn. Ljóst er að nemendur í framhaldsskólum lifa mikið í núinu og sjá ekki vel fyrir sér framtíðarnotkun á ensku nema sem tengist ferðalögum eða námi erlendis. Athyglisvert er að þátttakendur í rannsókn Önnu gera sér yfirleitt ekki grein fyrir því að lesefni á háskólastigi á Íslandi er nánast allt á ensku. Ungt fólk telur óásættanlegt að kunna ekki ensku þó svo að það geti gilt um þá sem eldri eru og að líf á Íslandi án ensku væri mjög takmarkað eða skrýtið.

Háskólanemar sem Anna ræddi við gera sér grein fyrir að lestur bókmennta, málfræðinám og önnur verkefni í framhaldsskólanámi hafa myndað grunn í ensku sem þeir styrkja með lestri á enskum textum á háskólastigi. Þessi hópur gerir sér grein fyrir þörfinni á mikilli enskukunnáttu og færni. Margir nefna að þeir hafi ekki haft mikið fyrir náminu í framhaldsskóla en fengið þokkalegar einkunnir. Nemendur gera sér almennt grein fyrir að ritun og málfræði eru þeir þættir sem þeir eiga erfiðast með að þjálf sig í sjálfir utan skólans.

Anna bendir á að

- taka þurfi meira mið af þeirri staðreynd að nemendur öðlast færni í ensku utan skólans og byggja þurfi námið upp út frá því
- þjálf þurfi nemendur markvisst í að nota talað mál
- kenna þurfi nemendum að meta eigin færni á raunhæfan hátt
- koma þurfi á leiðsagnarnámsmati (e. *formative assessment*) sem byggir á ákveðnari stigskiptingu en nú er
- bjóða þurfi upp á áfanga með hagnýtt gildi og fleiri valáfanga sem byggja á lestri fjölbreyttra texta, meðal annars akademískra texta.

(Anna Jeeves, 2013)

Þessar niðurstöður af rannsókn Önnu Jeeves leiða hugann að þeirri gerjun sem varð í hugmyndum um tungumálakennslu á níunda áratug síðustu aldar. Þá vildu margir enskukennarar hverfa frá þeim kennsluháttum sem höfðu ríkt þar sem þeir þóttu einhæfir, of mikil áhersla þótti lögð á þýðingar og málfræðistíla og einblínt þótti um of á smáatriði í leiðréttingum og mati á verkefnum. Samtök tungumálakennara á Íslandi, STÍL, voru stofnuð árið 1985 og tímaritið *Málfríður* hóf göngu sína. Í 1. tölublaði er grein eftir Auði Torfadóttur. Þar bendir Auður meðal annars á að í nýjum áherslum í kennslu tungumála beinist athyglin að því hvernig málið er notað í samskiptum fólks, ekki eingöngu litið á formgerð málsins. Og á öðrum stað í sömu grein segir:

... vil ég einnig nefna breytingar sem orðið hafa á íslenska skólakerfinu og vissulega gefa tilefni til að hugleiða breytta kennsluhætti, í tungumálum og öðrum fögum, en það er þenslan á framhaldsskólastiginu. En í þessu tilfelli eins og svo oft áður voru breytingarnar skollnar á án þess að skólunum og kennurum gæfist nægt tóm til að undirbúa komu breytts nemendahóps.

(Auður Torfadóttir, 1985, bls. 18)



Sú kennslufræði, sem vísað er til, er oftast tengd tjáskiptamiðuðum kennslunálgunum (Brumfit og Johnson, 1979) frekar en hefðbundnari áherslum á að læra um formgerð tungumáls. Áherslur á tjáskipti hafa margar skilað sér inn í námskrána frá 1999.

Margt annað gerðist um þetta leyti. Fleiri tungumál voru kennd í skólakerfinu, Internetið varð almenningseign og Íslendingum bauðst þátttaka í Evrópuverkefnum. Ef til vill má segja að aukning í kennslu og notkun erlendra tungumála hafi orðið meiri á breiddina heldur en dýptina enda mikill áhugi á ferðalögum og samskiptum við aðrar þjóðir.

Sem fyrr segir er meginniðurstaða höfunda rannsóknanna sem áður er lýst að breytt málumhverfi kalli á endurskoðun mál- og menntastefnu hér á landi sem aftur kallar á að endurskoða þurfi námskrár með nýjar áherslur í enskukennslu.

## Rannsókn á áherslum á akademíska ensku í tveimur aðalnámskrám fyrir framhaldsskóla og fjórum skólanámskrám

Rannsóknin miðaðist að því að greina hvernig þær námskrár sem nú eru í gildi samræmast því nýja málumhverfi sem rannsóknirnar sem greint hefur verið frá lýsa. Rannsóknarspurningarnar eru því:

1. Hvernig samræmast kennsluáherslur og viðmið sem koma fram í námskrám í erlendum tungumálum nýju íslensku málumhverfi þar sem enskt daglegt mál er ríkjandi þegar nám á háskólastigi kallar á færni í formlegri akademískri ensku?
2. Hvetur námskrá til undirbúnings fyrir notkun ensku á háskólastigi? Eru leiðbeiningar í námskrá um hvernig slíku námi er best fyrir komið í framhaldsskóla?

Fyrsti hluti rannsóknarinnar fólst í að skoða áfanga lýsingar í ensku í *Aðalnámskrá* frá 1999 fyrir framhaldsskóla, á brautum til stúdentsprófs í bóknaðsskólum, það er að segja málbraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut. Þessi námskrá gerir ráð fyrir samræmingu, að allir áfangar séu eins í mismunandi skólum og má gera ráð fyrir að tilhögun enskunáms í skólum hafi verið að mestu leyti í samræmi við þessa námskrá.

Í öðrum hluta er skoðuð *Aðalnámskrá* 2011 sem gerir ráð fyrir að skólar bjóði upp á mismunandi námsbrautir og áfanga og hafi meira sjálfðæmi um námsframboð en áður hafði tíðkast. Þar er því ekki að finna lýsingar á einstökum áföngum heldur eru gefin upp hæfniviðmið og þrep sem áfangar raðast á. Þessi hæfniviðmið eru skoðuð sérstaklega með tiliti til þess hversu vel þau lýsa akademískum undirbúningi í ensku.

Í þriðja lagi voru skoðaðar fjórar skólanámskrár sem unnar hafa verið samkvæmt *Aðalnámskrá* frá 2011, það er námskrár Kvinnaskólans í Reykjavík og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans á Egilsstöðum.

Kvinnaskólinn í Reykjavík var valinn árið 2008 til að vera í fararbroddi við þróun framhaldsskólakerfisins vegna innleiðingar nýrra laga um framhaldsskóla og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ var samstarfsaðili frá byrjun. Innan skólanna var unnið að endurskoðun námsframboðs sem leiddi til nýrra námsbrauta og nýrra áfanga lýsinga. Ákveðið var að skoða áfanga hjá Menntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Egilsstöðum vegna þess að höfundar vissu að vinna við endurskoðun á námsbrautum og áfangaframboði hafði farið fram þar.

Þessar námskrár ættu því að gefa innsýn í nýjar áherslur í enskukennslu.

Aðalnámskrár eru alla jafna leiðbeinandi um markmið og inntak í enskukennslu sem og öðrum greinum. Aðalnámskrár framhaldsskóla sem nú eru í gildi eru frá árunum 1999,

2004 og 2011. Nýja námskráin, frá 2011, tekur þó ekki að fullu gildi fyrr en árið 2015 og námskráin frá 1999 verður í gildi þangað til eða þar til allir skólar eiga að hafa gefið út sínar eigin námsbrautar- og áfangalýsingar. Samkvæmt nýju námskránni er, eins og áður hefur komið fram, gert ráð fyrir að stjórnendur og kennarar framhaldsskóla hafi meira að segja um uppbyggingu námsbrauta og inntak áfanga en áður hefur tíðkast. Jafnframt er í námskránni það nýmæli að námi í framhaldsskólum er skipað á þrjú hæfniprep og hluti af námskránni snýst um grunnþætti menntunar, sem eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Í inngangi að *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011* segir meðal annars:

Framhaldsskólinn sinnir margþættu hlutverki [...] Náminu lýkur með mismunandi námsgráðum, svo sem framhaldsskólaprófi, prófi til starfsréttinda, stúdentsprófi, iðnmeistaraprófi eða með öðru lokaprófi. Námsbrautarlýsingar á framhaldsskólastigi taka mið af þessum mikla fjölbreytileika. Þær þurfa að mæta kröfum atvinnulífs og næsta skólastigs, um leið og þær veita nemendum alhliða almenna menntun. ... Þetta skipulag á jafnframt að veita skólum tækifæri til að bregðast markvisst við þörfum nemenda, samfélags og atvinnulífs, niðurstöðum rannsókna og gæðaeftirlits ...

(*Aðalnámskrá framhaldsskóla*, 2011, Inngangur)

Í nýrri námskrá er öllu námi í framhaldsskóla skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Þrepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda í átt til sérhæfingar og aukinnar fagmennsku. Námslok námsbrauta eru tengd við hæfniprep. Lokamarkmið námsbrauta kallast hæfniviðmið og segja til um þá hæfni sem stefnt er að að nemendur búi yfir við námslok. (*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*, 2011, bls. 7).

Mesta breytingin frá fyrri námsskrám er sjálfðæmi skóla hvað varðar námsbrautir og inntak áfanga. Í samræmi við það eru ekki gefnar út af menntamálaráðuneytinu lýsingar á einstökum áföngum heldur er gefið upp hvað nemendur eiga að hafa tileinkað sér með tilliti til þekkingar, leikni og hæfni á mismunandi hæfniprepum. Námi í íslensku og ensku er skipað á þrjú hæfniprep en námi í stærðfræði á fjögur.

Í námskrá frá 1999 eru ítarlegar lýsingar á hverjum áfanga fyrir sig ásamt ábendingum um kennsluaðferðir og námsmat. Alls eru lýsingar á átta þriggja eininga áföngum í ensku fyrir framhaldsskóla, eða alls 24 einingum. Allir nemendur taka þrjá grunnáfanga, það er *Ensku 103*, *203* og *303*. Þegar kemur að *Ensku 403* er gert ráð fyrir mismunandi áföngum fyrir félagsfræðibraut annars vegar og fyrir málabraut hins vegar þannig að inntak áfanganna tengist brautinni sérstaklega. Þess má geta að þessi skipting hélst ekki lengi. Fljótlega fór námið í það far að allir tóku sama áfanga í *Ensku 403*. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir sérstökum áfanga fyrir náttúrufræðibraut. Áfangarnir *Enska 603*, *703* og *803* eru einkum ætlaðir málabrautum. Áfangalýsingar í námskrá frá 1999 eru greinilega samdar með fjögurra ára framhaldsskóla í huga og miðað er við að nemendur taki einn áfanga á önn.

Í áfangalýsingum er talað um bókmenntaverk, flókna texta, fjölbreytilega texta úr dagblöðum og tímaritum, smásögur, blaðgreinar, bókmenntagreiningu, ágríp af enskri bókmenntasögu, þemavinnu og notkun upplýsingatækni. Víða er að finna ábendingar um kennsluaðferðir sem margar hverjar taka mið af hugmyndum tjáskiptaaðferðar, eins og áður hefur komið fram.

Í þessari sömu námskrá, frá 1999, er talað um útbreiðslu enskunnar í heiminum og nauðsyn þess að kunna hana vel. Nefnt er að hún gegni lykilhlutverki fyrir Íslendinga í alþjóð-

legum samskiptum á sviði stjómála og viðskipta, æðri menntunar, í ferðaþjónustu og tölvusamskiptum og að góð lestrarfærni í ensku sé mikilvæg forsenda náms á háskólastigi á Íslandi.

Samt sér þess ekki stað í áfangalýsingum eða markmiðum að tengja skuli ofangreind viðfangsefni sérstaklega við þessa þætti nema í *Ensku 403* fyrir félagsfræðabraut þar sem mælt er fyrir um að unnið skuli með viðfangsefni sem tengjast námi á brautinni sérstaklega. Ekki er að öðru leyti mælt með námsgreinatengdu tungumálanámi, eins og til dæmis því sem á ensku er nefnt *Content Based English* eða *Content and Language Integrated Learning* (Paltridge og Starfield, 2013).

Mikið er sett fram af markmiðum, bæði sem nemendur eiga að ná í einstökum áföngum og einnig viðmiðunarmarkmið sem nemendur eiga að hafa náð á leið sinni í gegnum enskunám. Eftir níu eininga eða þriggja áfanga nám í ensku, eru sett fram lokamarkmið sem taka til hlustunar, lesturs, ritunar og talsmáls:

Að loknu 9 eininga enskunámi er miðað við að nemandinn hafi öðlast staðgóða þekkingu og færni í tali, ritun og skilningi á rituðu og töluðu máli sem nýtist honum í daglegu lífi, starfi og til áframhaldandi náms. Einnig er miðað við að nemandinn sjálfur geri sér góða grein fyrir mikilvægi enskukunnáttu í nútímasamfélagi og að færni nemandans sé nægileg undirstaða fyrir frekari sérhæfingu í ensku eða til sjálfsnáms síðar á lífsleiðinni.

(*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 1999, bls. 23–24)

Þessi markmið hljóta að spanna nám sem nemendur taka bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Um málfærni segir að „eftir 9 eininga nám sé formlegri málfærni kenningu lokið sem slíkri. Æfingar eftir það miðast meira við að styrkja og bæta við það sem fyrir er og tengjast þá frekar orðaforða og málnotkun“ (*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál 1999*, bls. 23–24).

Síðan eru lýsingar á áföngunum *Ensku 403*, *503*, *603*, *703* og *803* en það er ekki fyrr en í *Ensku 803* sem beinlínis er sagt að nemendur eigi að hafa öðlast færni til að takast á við nám á háskólastigi.

Markmið eftir nám í *Ensku 803* eru að nemandi:

- geti gert grein fyrir viðfangsefnum sínum á lipurri og hnökralausri ensku
- geti kafað dýpra ofan í viðkomandi viðfangsefni og leitað fanga víðar en áður
- sýni meira sjálfstæði í vinnubrögðum og geti dregið eigin ályktanir
- hafi öðlast næga færni á öllum sviðum til að takast á við nám á háskólastigi, hvort sem er hér heima eða erlendis

(*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 1999, bls. 42)

Það er eftirtektarvert að færni til að takast á við nám á háskólastigi skuli ekki nefnd fyrr en í *Ensku 803* þar sem áfanginn er ætlaður máladeildarnemendum sem eru aðeins hluti nemenda í framhaldsskólum. Þessi lýsing endurspeglar ákveðna hugsun, það er að nemendur á málbraut skuli læra mikið í ensku en aðrir minna.

Þótt mikið sé í námskránni af ábendingum um nálganir og aðferðir sem beita má í kenningu, er hvergi farið í saumana á því hvernig best sé að undirbúa nemendur fyrir háskólanám.

Í *Aðalnámskrá* 2004 er sagt fyrir um ákveðið skipulag kjarnagreina á bóknámsbrautum og þar segir að enska á málbraut og félagsfræðabraut skuli vera 15 einingar, það er fimm áfangar, og á náttúrufræðibraut níu einingar, það er þrjú áfangar. Sú námskrá bætir engu

við um inntak áfanga, tilgreinir aðeins skylduáfanga. (*Aðalnámskrá framhaldsskóla*, 2004).

Eftir 2004 virðist vera nokkuð misjafnt eftir skólum hvernig áföngum var skipað. Í sumum skólum virðist hafa verið haldið áfram að bjóða upp á áfanga sem voru ofar en *Enska 503* en í öðrum voru valáfangar merktir sem 400 áfangar og þannig opnuð leið fyrir alla nemendur, sem það vildu, að taka þá. Nemendum er í sjálfsvald sett hvort þeir bæta við sig áföngum í ensku umfram skyldu.

Í námskrá frá 2011 er, eins og komið hefur fram, farin önnur leið en farin var í námskrá frá 1999. Skólar hafa meira sjálfðæmi en áður um að setja upp námsbrautir á nýjan hátt – þurfa ekki endilega að bjóða upp á félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðabraut. Menntamálaráðuneytið gefur ekki lengur út nákvæmar lýsingar á inntaki áfanga, heldur eru gefin upp hæfniprep fyrir kjarnagreinarnar íslensku, stærðfræði og ensku samkvæmt viðmiðum sem taka til þekkingar, leikni og hæfni.

Áfangaheiti eru einnig breytt frá því sem áður var. Áfangar sem voru *Enska 103* og *Enska 203* í fyrra kerfi raðast á annað hæfniprep en áfangar þar fyrir ofan, það er áfangar sem eru sambærilegir við *Ensku 303, 403, 503, 603, 703* og *803* raðast á þriðja hæfniprep. Valáfangar raðast þar einnig. Markmiðin sem eru sett fram undir þekkingu, leikni og hæfni eru mörg þau sömu eða mjög svipuð þeim sem eru í námskrá frá 1999 en sett fram undir öðrum formerkjum.

Dæmi um markmið á þriðja hæfniprepi, sem ætla má að gætu átt við um undirbúning fyrir háskólanám, eru:

Á sviði þekkingar er gert ráð fyrir að nemandi þekki:

- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðir sem eiga við um talað og ritað mál, til dæmis mismunandi málsnið

Á sviði leikni er gert ráð fyrir að nemandi:

- skilji vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir
- geti lesið sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu, eða myndmál og stílbrögð
- geti tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni

Á sviði hæfni er gert ráð fyrir að nemandi:

- geti nýtt sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- skilji sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni, fræðilegs eða tæknilegs eðlis
- geti lagt gagnrýnið mat á texta
- geti hagnýtt sér fræðitexta
- geti metið heimildir á gagnrýninn hátt
- geti lýst skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
- geti skrifað texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti, vegið þau og metið.

(*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 2011, bls. 102)

Spyrja má hvort sum þessi markmið séu ekki full opin og háð túlkun og geti átt við á nánast öllum stigum náms svo framarlega sem námsefni hæfir aldri og þroska nemenda. Eitt leiknimarkmið er erfitt að skilja, markmiðið um að nemendur öðlist leikni í „að beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins“. Hvernig á að fylgja þessu eftir?

Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að enskukennsla hefur færst neðar í skólakerfinu og nemendur hafa getað tekið framhaldsskólaáfangu í ensku meðan þeir eru ennþá í grunnskóla. Nemendur geta því hugsanlega lokið enskunámi sínu 16–17 ára gamlir. Ef nemendur eru sífellt að verða yngri þegar þeir ljúka enskunámi, er hæpið að þeir hafi haft tækifæri til að tileinka sér flókið akademískt mál. Einnig má benda á að ef nemendur ljúka enskunámi í framhaldsskóla mjög ungir getur liðið all langur tími frá því að því námi lýkur þar til þeir þurfa að takast á við sérhæfðar enskar námsbækur á háskólastigi.

Ekki er víða boðið upp á *Ensku 603, 703* og *803* lengur. Þriðja hæfniprepið skapar svigrúm fyrir mikinn margbreytileika. Það þrep gefur kost á að skólar geti boðið upp á margvíslega áfanga sem eru á svipuðu þyngdarstigi. Nemendur geta því tekið marga enskuáfanga, kjósi þeir að gera svo, og útskrifast með margar einingar í ensku, en líklegt er að þessir áfangar séu af svipaðri þyngd þar sem þriðja hæfniprepið hvorki skýrir né gefur leiðbeiningar um hvernig best er að skapa stígangi í námi.

Þær áherslur sem lýst er á þriðja hæfniprepi ná ekki vel utan um það málumhverfi sem skapast hefur á Íslandi með tilliti til ensku. Þær gera heldur ekki ráð fyrir að nemendur séu þjálfaðir sérstaklega í akademískri ensku til að undirbúa þá fyrir að lesa námsefni á ensku á háskólastigi né til að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið.

## Skólanámskrár

Menntamálaráðuneytið gaf, eins og þegar hefur komið fram, út áfangalýsingar sem hverjum einstökum skóla bar að fylgja, samanber námskrá frá 1999. Þó svo að skólar hafi haft vissu frelsi hafa áfangar í ensku að jafnaði verið mjög keimlíkir að uppbyggingu og inntaki frá einum skóla til annars.

Í enskukennslu hefur venjan verið að nota erlendar kennslubækur í fyrstu áföngunum, ásamt því að lesa styttri bókmenntaverk eða smásögur. Í efri áföngum hefur verið unnið með meira krefjandi bókmenntaverk og aðra texta af ýmsu tagi, svo sem blaða- og tímaritsgreinar. Lögð hefur verið áhersla á orðaforða og ritgerðasmíð í flestum áföngum. Á síðustu misserum hefur akademískur orðaforði verið vaxandi hluti af námsefni.

Eins og komið hefur fram hafa skólar núna meira sjálfðæmi en áður var um hvers konar námsbrautir og áfanga þeir bjóða upp á. Vinnan við að setja upp nýjar námsbrautir og semja nýjar áfangalýsingar er mislangt komin. Nokkrir skólar hafa lokið henni og bjóða upp á nýjar námsbrautir og áfanga með nýju inntaki.

Í nýja kerfinu þarf að koma fram hvaða hæfniprepi áfanginn tilheyrir. Til að glöggva sig betur á þessum breytingum er hér sett upp *Tafla 1* sem sýnir breytt áfangaheiti í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Margir þekkja vel áfangaheiti í gamla kerfinu og því eru þau höfð með til skýringar. Tekið skal fram að vinnu við breytingar í skólanum við Hamrahlíð er ekki lokið.

Áfangar sem eru sambærilegir við áfanga sem í gamla kerfinu voru *Enska 103* og *Enska 203* tilheyra öðru þrepi en áfangar sambærilegir við *Ensku 303*, *Ensku 403* og *Ensku 503* eru á þriðja hæfniprepi ásamt valáföngum (Menntaskólinn við Hamrahlíð, e.d.).

Tafla 1 – Breytt áfangaheiti í Menntaskólanum við Hamrahlíð	
Eldra áfangaheiti	Nýtt áfangaheiti
<i>Ens103-6</i> (venjuleg ferð)	<i>Ensk2AA05</i>
<i>Ens103-4</i> (hraðferð)	<i>Ensk2AH05</i>
<i>Ens203-6</i> (venjuleg ferð)	<i>Ensk2BB05</i>
<i>Ens203-4</i> (hraðferð)	<i>Ensk2BH05</i>
<i>Ens303-6</i> (venjuleg ferð)	<i>Ensk3CC05</i>
<i>Ens303-4</i> (hraðferð)	<i>Ensk3CH05</i>
<i>Ens403</i>	<i>Ensk3DD05</i>
<i>Ens503</i>	<i>Ensk3EE05</i>

Ekki er lengur samræmi í áfangaheitum milli skóla þar sem skólar hafa sjálfðæmi um inntak og uppbyggingu áfanganna og heiti þeirra. Samræmið á að myndast út frá kröfum sem gerðar eru á hæfniprepinu.

Eins og áður hefur komið fram verða hér á eftir skoðaðir nýir áfangar fjögurra framhaldsskóla, einn áfangi hjá hverjum, þar sem lögð er áhersla á akademískan undirbúning.

Samkvæmt nýrri skipan náms við Kvinnaskólann í Reykjavík er boðið upp á nám á félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut.

Áfangi í fagorðaförða, *Ensk3FA05 Fagorðaförði*, er skylduáfangi fyrir nemendur á öllum brautum. Áfangalýsing er sem hér segir:

Námskeiðið er framhaldsáfangi í fagorðaförða (e. *academic vocabulary*) til undirbúnings fyrir háskólanám. Unnið er með ritrýndar fræðigreinar á tilteknum fræðasviðum, svo sem náttúruvísindum, félagsvísindum og hugvísindum. Farið er í orðstofna og myndun orða í ensku út frá t.d. latínu og grísku. Leitað er fanga í fagtímaritum og ritrýndum faggreinum af netmiðlum og gagnasöfnum. Nemendur fá tilsögn í heimildaleit fyrir rannsóknarvinnu á háskólastigi. Miðað verður við þarfir hópsins hverju sinni þar sem farið er nánar í orðaförða sem tengist væntanlegu námssviði nemenda við nám eftir stúdentspróf. Áfanginn skiptist í þrjár lotur. Í fyrstu lotunni er viðfangsefnið almennt, þar sem megináherslan er á myndun og notkun fagorða. Í annarri lotu er unnið í hópum þar sem skoðaður er orðaförði afmarkaðra sviða á háskólastigi, svo sem hugvísinda, félagsvísinda, raunvísinda o.s.frv. Síðasta lotan er einstaklingsmiðuð og þar vinna nemendur verkefni sem tengist beinlínis þeirra áhugasviði. Áfanginn er símatsáfangi þar sem námsmat byggist á viðveru í tíma, könnunum, tileinkun nemandans á sjálfstæðum vinnubrögðum, verkefnavinnu og vinnuskilum.

(Kvinnaskólinn í Reykjavík, 2014)

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ taka nemendur á félags- og hugvísindabraut, náttúrufræðibraut og opinni stúdentsbraut áfangann *Ensk3EX05, sérhæfður orðaförði og samskipti*.

Áfangalýsing er sem hér segir:

Í þessum lokaáfanga í ensku er lögð áhersla á að nemendur vinni með fjölbreytt efni og hafi val um margvísleg verkefni. Nemendur þjálfast í að tileinka sér aukinn orðaförða vísinda og fræða, verða læsir á flóknari texta en áður, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á að lesa texta vandlega með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan

orðaförða. Nemendur vinna einstaklingsverkefni þar sem áherslan er á að nemendur auki við sig orðaförða sem tengist sinni braut. Þar að auki munu nemendur skoða valin bókmenntaverk út frá sjónarhorni félagsvísinda og náttúruvísinda. Nemendur vinna sjálfstætt að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum, sem fela í sér öflun upplýsinga í gegnum margmiðlunarvefi, á bókasafni og á Netinu. Áfram er lögð áhersla á að nemendur notist við sjálfsmat og jafningjamat í námi.

(Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, 2014)

Menntaskólinn á Akureyri býður núna upp á nám á fjórum mismunandi sviðum: tungu- mála- og félagsgreinasviði, raungreinasviði, almennri braut og tónlistarsviði.

Í lýsingu á efni áfangans *ENS2R040* á raungreinasviði segir:

Þetta er fjórði áfangi í ensku á raungreinasviði. Í þessum áfanga verður lögð aukin áhersla á lestur vísindatengdra greina og orðaförði aukinn markvissst. Æfingar verða unnar til að viðhalda málfræðipækkingu og leikni í málnotkun, ritun og tali. Sérhæfðari textar tengdir áhugasviðum nemenda verða lesnir. Lögð verður meiri áhersla á tal en áður og fá nemendur þjálfun í flutningi á töluðu máli. Auknar kröfur verða gerðar varðandi ritunarverkefni og ritgerðir.

(Menntaskólinn á Akureyri, 2014)

Menntaskólinn á Egilsstöðum er með alþjóðabraut, félagsgreinabraut, hraðbraut, listnámsbraut og náttúrufræðibraut til stúdentsprófs.

Áfanginn *Ensk3FH5 fagenska og hugtök* er fjórði og síðasti áfangi í kjarna á öllum brautum til stúdentsprófs:

Nemendur þjálfra fræðilegan orðaförða. Þeir velja sér efni tengd fagi á námsbraut þeirra, t.d. félagsfræði, náttúrufræði, sálfræði, listum og menningu, íþrótafræði o.s.frv. Mikil áhersla er lögð á að velja og vinna úr fræðilegum heimildum. Ritgerð er unnin sem ferilsritun. Nemendur beita sjálfstæðum vinnubrögðum og skila einstaklingsverkefni sem er kynnt fyrir samnemendum í lok áfangans.

(Menntaskólinn á Egilsstöðum, e.d.)

Eins og sést af inntaki þessara áfanga er markmiðið undirbúningur undir akademískt nám.

Rannsóknin leiðir í ljós að námskrár hafa í reynd aðeins að litlu leyti gert ráð fyrir markvissum undirbúningi í akademískri ensku. Í námskrá frá 1999 er talað um undirbúning undir háskólanám í *Ensku 803*, sem er áfangi fyrir málabrautir og tiltölulega fáir nemendur fóru þá leið í gegnum menntaskóla. Heilmikið misræmi var á vægi málanáms á mála- brautum og öðrum brautum, sem sýnir sig berlega í námskránni frá 1999. Með endurskipulagningu brauta geta skólar jafnað út þennan mun. Samt sem áður verður að segjast eins og er að viðmið á þriðja hæfniprepi í *Aðalnámskrá* frá 2011 eru full opin og túlkanleg til að vera nægjanlega afgerandi varðandi akademískan undirbúning.

Í þeim áföngum sem vitnað er í hér að ofan og unnir hafa verið samkvæmt *Aðalnámskrá* frá 2011 er unnið með akademíska ensku þannig að greinilega er leitast við að undirbúa nemendur með markvissari hætti en áður hefur tíðkast undir lestur á efni á ensku í háskólanámi. Það er hins vegar verðugt viðfangsefni að velja fyrir sér hvort einn áfangi í akademískri ensku nægi til að undirbúa nemendur fyrir lestur námsefnis á ensku á háskólastigi eða hvort þeir þyrftu að vera fleiri. Einnig er sú spurning áleitin hvort slíkir áfangar eigi að falla undir skyldu eða val en skylduáföngum í ensku hefur fækkað frekar en hitt.

## Viðmið: Hvaða kunnáttu í ensku þarf til að geta lesið kennslufni á háskólastigi hér á landi og hvaða kröfur gera háskólar erlendis um enskukunnáttu?

Eins og áður hefur komið fram á meira en þriðjungur íslenskra háskólanema, sem tóku þátt í rannsókn Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafðisar Ingvarsdóttur, erfitt með að tileinka sér námsefni á ensku við Háskóla Íslands vegna þess að of margir eru í vandræðum með skilning á fræðilegum textum. Því vaknar sú spurning hvort ekki þurfi að setja fram ákveðnar kröfur um enskukunnáttu til að hefja nám við háskóla á Íslandi svo að nemendur ráði betur við námsefnið.

Vaxandi krafa hefur verið á undanförmum árum um að nemendur uppfylli ákveðnar kröfur um kunnáttu í ensku til þess að fá inni í erlendum háskólum sem eru utan enskumælandi málsvæða og í báðum þeim aðalnámsskrám sem hér er vísað í er talað um erlend viðmið. Ekki síst er þetta mikilvægt í ljósi þess að íslenska stúdentsprófið er að ganga í gegnum heilmiklar breytingar nú um þessar mundir. Íslenskt stúdentspróf er varla til lengur í þeirri mynd sem það var þegar fáir skólar útskrifuðu stúdenta með svo gott sem eins nám að baki.

Í *Aðalnámsskrá* frá 1999 er kafli um erlend viðmið í ensku; þar er talað um alþjóðlega viðurkennd próf, sér í lagi *Cambridge-enskuprófin*. Þar segir:

Að loknu 6 eininga námi ætti nemandi að geta staðist prófið *First Certificate in English*; að loknum 12 einingum ætti hann að geta lokið prófinu *Certificate in Advanced English* og að loknu 18 eininga námi má miða við kröfur prófsins *Certificate of Proficiency in English* [leturbreytingar höfunda].

(*Aðalnámsskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 1999, bls. 22)

Í *Aðalnámsskrá* frá 2011 er vísað í viðmið samkvæmt *Evrópsku tungumálamöppunni*.

*Evrópska tungumálamappan* (2006) er með sex viðmið: A 1 og 2, B 1 og 2, C 1 og 2. Byrjendaáfangar í erlendum tungumálum í framhaldsskóla hafa viðmiðið A1 og raðast á fyrsta hæfniprep. Þetta á til dæmis við um byrjunaráfanga í frönsku, spænsku og þýsku. Enskuáfangar í framhaldsskólum raðast á annað og þriðja hæfniprep. Á annað þrep raðast, eins og áður hefur komið fram, fyrstu áfangar í ensku og á þriðja hæfniprep raðast áfangar sem eru sambærilegir við áfanga sem voru *Enska 303, 403, 503* og svo valáfangar. *Enska 303, 403 og 503* og valáfangar hafa því allir sama viðmið, C1, samanber það sem segir í *Aðalnámsskrá* 2011: „Viðmið tungumálamöppunnar sem einkenna þrep C1 má fella að lýsingu þekkingar, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi“ [leturbreyting höfunda] (*Aðalnámsskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 2011, bls. 99).

Mikilvægt er að nemendur geti treyst þeim upplýsingum sem settar eru fram um nám þeirra, samanber það sem segir í inngangi að *Aðalnámsskrá framhaldsskóla*: „Námslok námsbrauta eru tengd við hæfniprep. Lokamarkmið námsbrauta kallast hæfniviðmið og segja til um þá hæfni sem stefnt er að nemendur búi yfir við námslok“ (*Aðalnámsskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*, 2011, bls. 7).

Samkvæmt núgildandi námskrá eru áfangar sem eru sambærilegir við Ensku 303 og áfanga þar fyrir ofan allir á þriðja hæfniprepi, C1. Þetta fyrirkomulag býður upp á að margir álíka þungir enskuáfangar séu í boði í stórum skólum. Nemendur geta þá, eftir að skylduáföngum í ensku lýkur, tekið marga enskuáfanga á sama hæfniprepi. Líklegt er að slíkir áfangar tengist áhugasviðum nemenda og séu álíka þungir. Eftir að skylduáföngum í ensku lýkur er síður gerð krafa um undanfara.



En hvaða afleiðingar hefur það að þrjú eða fleiri áfangar hafi sama hæfnivæðmið? Töluverður munur er á *Ensku 303* og *Ensku 503* (svo ekki sé talað um *Ensku 603* og *Ensku 703* eða sambærilega áfanga) og sama viðmið getur varla átt við um alla þessa áfanga. Eru nemendur sem útskrifast með þrjú áfanga í ensku samkvæmt eldra kerfi, eins og til dæmis nemendur af náttúrufræðibrautum í mörgum skólum, og svo þeir sem útskrifast með fimm áfanga í ensku og bæta jafnvel við sig mörgum valáföngum, með sömu færni? Samkvæmt því sem segir í aðalnámskrá frá 2011 er það svo. Þessir áfangar tilheyra þriðja hæfniprepi og færnin er C1. Ljóst er að nemendur geta útskrifast með mismargar einingar en færnin er samt C1. Þegar glögg er skoðað hlýtur að vera þörf á nánari skýringum og meiri sundurgreiningu.

Í námskránni frá 1999 segir um nám í ensku eins og áður hefur komið fram að „að loknu 18 eininga námi má miða við hæfnikröfur prófsins *Certificate of Proficiency in English*“ [leturbreyting höfunda] (*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál*, 1999, bls. 22). Prófið *Certificate of Proficiency in English* gerir ráð fyrir kunnáttu samkvæmt viðmiði C2 samkvæmt *Evrópsku tungumálamöppunni* (Cambridge English, 2014).

Enskunám í íslenskum framhaldsskólum, eins og það er núna, nær ekki upp í C2 heldur C1.

Samkvæmt upplýsingum frá fagstjórum í ensku við Menntaskólann við Hamrahlíð eru dæmi um að nemandi með íslenskt stúdentspróf hafi ekki fengið inni í skóla erlendis, jafnvel í Danmörku, vegna of fárra eininga í ensku. Á heimasíðu Copenhagen Business School (e.d.) segir um íslenska nemendur að þeir skuli hafa stúdentspróf og minnst 18 einingar í ensku til að fá inni í skólanum. Hér er vísað til íslensks stúdentsprófs eins og það var.

Nauðsynlegt hlýtur að vera að skýra og skilgreina betur en gert hefur verið hvaða kröfur nemendur þurfa að uppfylla í ensku, bæði til að geta lesið námsefni á háskólastigi héraðs og til þess að mæta kröfum sem erlendir háskólar gera um kunnáttu í ensku.

Í því kerfi sem nú er að komast á geta nemendur tekið marga álíka þunga áfanga í ensku og þannig safnað mörgum einingum en áfangarnir eru allir á sama hæfniprepi. Varla þarf að taka það fram að með vaxandi alþjóðavæðingu og auknu aðgengi nemenda að námi hvar sem er í heiminum, eykst þörfin fyrir skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um færni nemenda í ensku sem og öðrum námsgreinum. Einnig er spurning hvort ekki þurfi að gera skýrar kröfur um enskukunnáttu nemenda til þess að þeir geti stundað nám við íslenska háskóla.

Lausleg athugun bendir til þess að mjög fáir skólar bjóði enn upp á áfanga 603, 703 og 803 í ensku þannig að ætla má að breidd hafi aukist í enskunámi frekar en dýpt. Þetta þarfnast ef til vill nánari skýringa. Áfangar sem lýst er í námskrá frá 1999 gera ráð fyrir undanfara til að færast áfram þannig að nemendur taka áfanga í ákveðinni röð, það er 103, 203, 303, 403, 503, 603, 703 og 803. Þetta hefur breyst eins og áður hefur verið greint frá. *Enska 503* er efsti áfangi í kjarna samkvæmt þeim breytingum sem urðu 2004. Og með námskrá frá 2011 eru skólum gefnar frjálssari hendur um áfangaframboð og inntak náms.

Samkvæmt nýjum útfærslum eru skylduáfangar í ensku að jafnaði þrjú til fimm. Í námsbrautarlýsingum þeirra skóla sem hér hafa verið til umfjöllunar eru gert ráð fyrir áföngum í ensku eins og hér er sýnt í *Töflu 2*.

Tafla 2 – Áfangar í ensku samkvæmt námsbrautarlýsingum skóla	
<b>Kvennaskólinn í Reykjavík</b>	Félagsfræðibraut: 3 áfangar Hugvísindabraut: 5 áfangar Náttúrufræðibraut: 3 áfangar
<b>Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ</b>	Hver braut: 4 áfangar
<b>Menntaskólinn á Akureyri</b>	Tungumála- og félagsgreinasvið: 7 áfangar Raungreinasvið: 5 áfangar  Náminu er dreift þannig að nemendur taka ensku á síðasta ári.
<b>Menntaskólinn á Egilsstöðum</b>	Hver braut: 4 áfangar

Eins og áður hefur komið fram er val um áfanga sem eru á sama stigi og *Enska 403*, *Enska 503* og áfangar þar fyrir ofan voru samkvæmt námskrá frá 1999. Jafnframt hefur sú breyting orðið á seinni árum að enska hefur færst neðar í skólakerfinu, efri skyldu-áföngum hefur fækkað en valáföngum fjölgað. Það hefur þann kost að hægt er að bjóða upp á margvíslegt inntak í áföngum í ensku og höfða þannig vel til hins breiða nemendahóps framhaldsskólanna. En sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort vegi þyngra að koma til móts við áhugamál nemenda með þessum hætti og auka þannig breiddina eða að undirbúa þá með markvissum hætti undir frekara nám og störf að framhaldsskólanámi loknu.

Eins og áður hefur komið fram er tekið fram í *Aðalnámskrá* 2011 að þriðja hæfniprep samsvari C1 í evrópsku tungumálamöppunni, einnig að allir áfangar í ensku sem eru sambærilegir við þann áfanga sem var *Enska 303* og alla áfanga þar fyrir ofan, séu á þriðja hæfniprepi. Staðan er því sú að nemandi sem tekur þrjá áfanga í ensku og nemandi sem tekur átta áfanga í ensku eru báðir með hæfni á þriðja prepi, eða sem samsvarar C1.

Á sumum brautum er ekki gerð meiri krafa um ensku en að nemandi ljúki þremur áföngum. Á þetta helst við um náttúrufræðibrautir og félagsfræðabrautir. Kröfur um fleiri skyldu-áfanga í ensku virðast helst tilheyra þeim brautum sem hafa þróast út frá málabrautum.

Margir áfangar á þriðja prepi eru valáfangar og því er ekki öruggt að stígandi skapist í náminu. Að mati höfunda þessarar greinar rúmar þriðja prepið of marga áfanga til að geta gefið ákveðið viðmið um enskufærni. Aukningin hefur því orðið á breiddina frekar en dýptina í enskunámi.

Niðurstaða höfunda er að námskrá setji ekki fram nægilega skýr viðmið í ensku og að ekki sé skýrt hvernig nemendur eigi að öðlast nægilegan undirbúning í ensku til þess að geta tekist á við háskólanám á Íslandi.

## Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar *Enska á Íslandi* gefa skýra heildarmynd af enskufærni Íslendinga. Íslendingar eru góðir í að skilja ensku og nota í daglegum samskiptum en ekki jafn færir þegar kemur að lesskilningi, talfærni og ritun. Þetta kemur meðal annars fram í rannsóknnum á hvernig nemendum gengur að tileinka sér efni á ensku í námi við Háskóla Íslands en stór hluti nemenda telur sig ekki hafa nægilega færni til þess að takast á við lesefni á ensku í náminu þar. Til þess þurfa þeir færni í akademískri ensku.

Rannsóknin sem hér er lýst er beint framhald af fyrri rannsóknum á stöðu ensku á Íslandi og snýr að kröfum í ensku á framhaldsskólastigi. Sérstaklega var sjónum beint að því hvort lýsing á færni í akademískri ensku hafi náð inn í nýlegar námskrár. Niðurstöðurnar eru að þar vantar nokkuð upp á. Svo virðist sem almenn lesfærni ein og sér hafi verið talin duga og er þá almenn lesfærni lögð að jöfnu við færni í lestri bókmenntatexta og hugsanlega lestur á almennum blaða- og tímaritsgreinum eins og fram kemur í námskrám. Það er ekki sjálfgefið að færni í lestri og túlkun bókmenntatexta dugi þegar tekist er á við fræðilega texta á öðrum fræðasviðum. Niðurstöður rannsókna sýna að undirbúa þarf nemendur með markvissari hætti í framhaldsskólum en gert hefur verið. Einnig þurfa nemendur að vita hvers konar lesefni bíður þeirra í háskólanámi. Lengi hefur þótt sjálfsgagt að nemendur uppfylli skilyrði um færni í ensku til þess að geta farið í nám erlendis. Um það er ekki deilt en hins vegar er álitamál hversu mikla kunnáttu og færni nemendur þurfa að hafa og hvernig slík kunnátta er staðfest. Ef háskólar gera kröfu um enskufærni eins og henni er lýst með C1, hvað þýðir það? Nægir að hafa lokið einum áfanga á þriðja hæfniprepi eða þurfa þeir að vera fleiri? Og ef spurt er um færni, hvernig er hún skilgreind? Að öll viðmið á þrepinu hafi verið uppfyllt, eða aðeins sum? Hvaða færni hafa nemendur? Fá allir nemendur sem ljúka stúdentsprófi staðfestingu á að þeir hafi lokið ensku samkvæmt viðmiði C1? Og ef spurt er um einingafjölda og kennslustundafjölda sem er að baki þessum einingum, eins og oft er gert, eru nemendur þá ekki í vanda staddir? Spyrja má einnig hvort ekki sé orðið tímabært að setja viðmið um kunnáttu í ensku hjá íslenskum nemendum til þess að þeir geti hafið nám á háskólastigi á Íslandi?

Það er sem menn hafi ef til vill ekki áttað sig á þeim áhrifum sem enska hefur haft hér á landi sem annars staðar. Eins og áður hefur verið rakið, hefur afþreyingarefni á ensku og notkun Internetsins skilað töluverðri færni sem ef til vill blekkir okkur. Sá stóri hópur nemenda sem útskrifast úr framhaldsskóla er breiðari en áður var og stór hluti hans reynir sig við háskólanám. Þótt þessi hópur telji sig upp til hópa góðan í ensku, þá er ljóst að ákveðinn hluti nemenda hefur ekki þá færni í ensku sem dugar til að lesa námsefni í háskóla. Lesefni á ensku á háskólastigi er komið til að vera, að minnsta kosti enn um sinn. Á sama tíma og þetta gerist færirst enska neðar í skólakerfinu og efri áföngum í ensku í framhaldsskóla hefur fækkað. Nemendur, sem hafa farið „létt“ í gegnum framhaldsskóla, lagt lítið í námið og komist í gegn með lágmarkseinkunn, telja sig kannski geta gert það sama í háskólanámi en reka sig fljótt á vegg. Nemendur sem hafa sinnt námi sínu vel í framhaldsskóla eru líklegri til að standa sig vel í háskóla. Fyrst lesefni er á ensku en skilningur og úrvinnsla fer fram á íslensku hlýtur að þurfa mjög góða kunnáttu og færni í báðum tungumálunum. Ætla má að ef saman fer góð enskukunnátta, góð íslenskukunnátta og góð undirbúningskunnátta í greinum á því sviði sem nemendur hafa valið sér, gangi þeim vel að tileinka sér námsefnið.

Fróðlegt getur verið að velta fyrir sér hvað alþjóðlegt umhverfi merkir, bæði í námi og í atvinnulífi. Í námi getur það merkt að nemandi ákveði að taka fyrstu háskólagráðu, BA, BSc eða BEd, í einu landi; þá næstu, MA, MSc eða MEd, í öðru; og þá síðustu, doktorsgráðu, í því þriðja. Þetta gerir hann með því að nota ensku í námi, líka í sínu heimalandi.

Fram kemur í rannsókn Önnu Jeeves í viðtölum við þá sem höfðu farið út í atvinnulífið að loknu stúdentsprófi að þeim kom á óvart hversu mikil krafa er gerð til þeirra um notkun ensku til að eiga samskipti við aðila erlendis og til að geta lesið fagtímarit. Enska er því vinnumál í mörgum fyrirtækjum ekki eingöngu hefðbundnum alþjóðlegum fyrirtækjum í fjármálageiranum heldur einnig í verslun og þjónustu ýmiss konar þar sem ekki er endilega krafist háskólanáms.

Hæfniviðmið í námskrá frá 2011 eru fyrir erlend tungumál. Sú tilgáta hefur verið sett fram að enska hafi stöðu sem „viðbótarmál“ (e. *additional language*) (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Því má velta fyrir sér hvort viðmið um erlend tungumál eigi lengur við um ensku. Eins og áður hefur verið víkið að er ekki víst að lýsingar á þriðja hæfniprepi nái nægjanlega vel að lýsa akademískri ensku. Ástæða er því til að velta fyrir sér hvort akademísk enska ætti heima á fjórða hæfniprepi en ekki þriðja.

Rannsóknarverkefnið *Enska á Íslandi* hefur varpað ljósi á mjög margt en ekki síður vakið upp fjölmargar nýjar spurningar. Sama má segja um rannsóknina á því hvernig námskrár endurspeglar þetta nýja málumhverfi. Niðurstöðurnar kalla á vitundarvakningu til að svara nýju ákalli og nýjar skilgreiningar á markmiðum með enskukennslu. Efna þarf til umræðu um þessi mál og þar með hvort um sé að ræða sérstakan enskuvanda, málsniðsvanda eða læsisvanda eins og Robert Berman (2010) hefur bent á. Fagfélag enskukennara væri góður vettvangur til að vinna að þessu máli, hefja samræður, halda fundi, ráðstefnur, málþing og námskeið.

## Heimildir

*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti.* 1999.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Erlend tungumál.* 1999.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti.* 2004.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti.* 2011.

*Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Erlend tungumál.* 2011.

Anna Jeeves. (2012). “Being able to speak English is one thing, knowing how to write it is another”: Young Icelanders’ perceptions of writing in English. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/012.pdf>

Anna Jeeves. (2013). *Relevance and the L2 self in the context of Icelandic secondary school learners: Learner views*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Auður Torfadóttir. (1985). Menntun kennara. *Málfríður*, 1(1), 18.

Ásrún Jóhannsdóttir. (2010). English in the 4th grade in Iceland: Exploring exposure and measuring vocabulary size of 4th grade students. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/007.pdf>

Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). English in Iceland, second language, foreign language, or neither? Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Teaching and learning English in Iceland: In honour of Auður Torfadóttir* (bls. 51–78). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2009). Enska í háskólanámi. Í Rebekka Þráinsdóttir og Magnús Sigurðsson (ritstjórar), *Milli mála – Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum* (bls. 77–94). Reykjavík. Háskólaútgáfan.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland: A Quantitative and Qualitative Study. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>

Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2010). Coping with English at University: Students’ Beliefs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/008.pdf>

Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2012). Staða enskunnar í nýju málumhverfi. *Málfríður*, 28(2), 15–17.

Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2014). From English as a lingua franca to English in academia: Learning in two languages. Í A. Fabricius og B. Preisler (ritstjórar), *Transcultural interaction and linguistic diversity in higher education: The student experience*. London: Palgrave Macmillan.

Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz. (2013). An English Academic Writing Course for Secondary Schools: A Pilot Study. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/018.pdf>

Brumfit, C. J. og Johnson, K. (1979). *The communicative approach to language teaching*. Oxford: Oxford University Press.

Cambridge English. (2014). *Cambridge English: Proficiency (CPE)*. Sótt af <http://www.cambridgeenglish.org/exams-and-qualifications/proficiency>

Copenhagen Business School. (e.d.) *Undergraduate Admission – Step 1*. Sótt af <http://www.cbs.dk/en/study/bachelor/undergraduate-admission-step-1>

Crystal, D. (1999, júní). World English: Past, present, future. Erindi haldið á málþingi samtakanna ASKO Europa, Otzenhausen, Þýskalandi.

Crystal, D. (2003). *English as a Global Language* (2. útgáfa). New York: Cambridge University Press.

Crystal, D. (2012). A global language. Í P. Seargeant og J. Swann (ritstjórar), *English in the world: History, diversity, change* (bls. 151–177). Oxford: Routledge.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. (2014, 14. september). Áfangar í skólanámskrá. Sótt af 2014 af <http://namskra.is/courses/53f33bf162933a71a900041d>

Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. (2013). ELF and academic writing: A perspective from the Expanding Circle. *Journal of English as a Lingua Franca*, 2(1), 123–145.

Hyland, K. (2006). *Academic English: An advanced resource book*. London: Routledge.

Kachru, B. B. (1985). Standards, codification and sociolinguistic realism: The English language in the outer circle. Í R. Quirk og H. G. Widdowson (ritstjórar), *English in the world: Teaching and learning the language and literatures* (bls. 11–35). Cambridge, England: Cambridge University Press.

Kvennaskólinn í Reykjavík. (2014, 14. júlí). Sótt af <http://www.kvenno.is/?PageID=406&ldNamsgrein=1644>

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Evrópsk tungumálamappa*. Sótt af [http://www.nams.is/pdf/elpupper\\_disa\\_3.pdf](http://www.nams.is/pdf/elpupper_disa_3.pdf)

Menntaskólinn á Akureyri. (2014). ENS3S04. Sótt af <http://www.ma.is/is/namid/afangar-og-kennsluaetlanir/ens2b04-1>

Menntaskólinn á Egilsstöðum. (e.d.). Áfangalýsingar í námskrá frá 2011. Sótt af <http://www.me.is/namid/afangalysingar-i-nyrri-namskra>

Menntaskólinn við Hamrahlíð. (e.d.). *Námsbrautir*. Sótt af <http://www.mh.is/namid/namsbrautir>

Robert Berman. (2010). Icelandic university students' English reading skills. *Málfríður*, 26(1), 15–18.

Paltridge, B. og Starfield, S. (ritstjórar). (2013). *The handbook of English for specific purposes*. Malden: Wiley-Blackwell.

Scarcella, R. (2003). *Academic English: A conceptual framework*. Sótt af <http://escholarship.org/uc/item/6pd082d4>

Seidlhofer, B. (2011). *Understanding English as a Lingua Franca: A complete introduction to the theoretical nature and practical implications of English used as a lingua franca*. Oxford: Oxford University Press.

### Um höfunda

Gerður Guðmundsdóttir (geg@mh.is) er framhaldsskólakennari við Menntaskólann við Hamrahlíð. Gerður lauk B.A.-gráðu með ensku sem aðalgrein frá Háskóla Íslands og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda frá sama skóla og M.A.-gráðu í hagnýtum málvísindum frá Háskólanum í Reading á Englandi. Gerður hefur tekið þátt í þróunarverkefnum fyrir framhaldsskólakennara í erlendum tungumálum og gegnt trúnaðarstörfum í þágu Félags enskukennara á Íslandi og Samtaka tungumálakennara á Íslandi. Lengst af hefur Gerður kennt ensku við Menntaskólann við Hamrahlíð. Hún er núna doktorsnemi við enskudeild Háskóla Íslands.

Birna Arnbjörnsdóttir er prófessor í annarsmálsfræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands. Hún hefur ásamt Hafdísí Ingvarsdóttur, stýrt langtímarannsókn á stöðu ensku á öllum skólastigum og í atvinnulífinu á Íslandi. Birna hefur gefið út fjölda bóka og greina, á Íslandi og erlendis, um efni sem tengjast annarsmálsfræðum.

### Efnisorð

*akademísk enska – kennsla ensku – námskrár – nýtt íslenskt málumhverfi*

### About the authors

Gerður Guðmundsdóttir (geg@mh.is) is an upper secondary school teacher at Hamrahlid College. She holds a B.A. in English and PGCE from The University of Iceland. She holds an M.A. degree in Applied Linguistics from The University of Reading, England, UK. She has participated in establishing and directing an in-service programme for secondary schools teachers of foreign languages and worked for The Association of Teachers of English in Iceland (FEKÍ) and for The Association of Foreign Language Teachers (STÍL) in Iceland. She is now a PhD student at the University of Iceland, Department of English.

Birna Arnbjörnsdóttir (birnaarn@hi.is) is a Professor of Second Language Studies in the Faculty of Foreign Language, Literature and Linguistics, School of Humanities at the University of Iceland. She is along with Hafdísí Ingvarsdóttir the project leader for the longitudinal research project, The

Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi:  
Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi

**Status of English in a New Linguistic Environment.** She has published numerous books and articles, in Iceland and internationally, on issues pertaining to second language acquisition and use.

**Key words**

*academic English – English language teaching – curriculum guidelines – a new linguistic environment in Iceland*



Gerður Guðmundsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. (2014).  
Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi: Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi.  
*Netla – Vefrit um upplæsi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ry n/010.pdf>